



Fundargerð

aðalfundar SASS

haldinn á Hótel Jökulsárlóni
á Hnappavöllum í Öræfum
20. og 21. október 2016

✓ **Setning**

Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna og þakkaði Hornfirðingum móttökurnar.

✓ **Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður tilnefndi Björn Inga Jónsson og Ásgerði K. Gylfadóttur sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Í lok máls síns fól formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Björn Ingi Jónsson tók til máls og bauð fundarmenn velkomna á svæðið og lagði hann fram svohljóðandi tillögu stjórnar SASS að kjörbréfanefnd.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ísólfur Gylfi Pálmason

Ari Björn Thorarensen

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Rangárþing eystra

Sveitarfélagið Árborg

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörbréfanefnd þegar til starfa

✓ **AÐALFUNDUR SASS**

✓ **Starfsskýrsla 2015-2016**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Haldnir hafa verið 14 stjórnarfundir víðs vegar á Suðurlandi. Sveitarstjórnnum í þeim sveitarfélögum sem heimsótt voru var boðið á stjórnarfund til að skiptast á skoðunum um mikilvæg málefni.

Fór hann yfir nýtt skipurit SASS en starfsmenn eru nú 7 talsins og eru stafstöðvarnar 2, á Selfossi og Hvolsvelli.

Ræddi formaður um ráðgjöf samtakanna til einstaklinga, félagasamtaka, stofnana og fyrirtækja í tengslum við styrkumsóknir, frumkvöðla o.fl. Áfram var unnið að Sóknaráætlun Suðurlands en megináætlun sóknaráætlunar er að auka samvinnu milli sveitarfélaga í sem flestum málefnum, draga fram sérstöðu einstakra svæða og skapa jákvæða ímynd sem byggir á gæðum og hreinleika. Vinna að umhverfisláttunum með sjálfbærni að leiðarljósi og auka sjálfbæra nýtingu orku og auðlinda. Hækka menntunarstig á Suðurlandi og auka fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi, menningu og menntun. Fór hann yfir helstu áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2015 og nefndi í framhaldi ráðstefnu ungmennaráðs sem haldin var í september sl. en þar voru miklar og málefnalegar umræður. Samþykkt hafa verið 12 áhersluverkefni á árinu 2016.

Mikill tími hefur farið í almenningsamgöngur hjá SASS. Ekki hefur gengið eins vel og á sama tímabili 2015. Farþegum hefur fækkað um 10% og er helsta skýringin fækkun nemenda og góðæri. Endurskoðun hefur farið fram á leiðakerfinu, það einfaldað og ferðum fækkað. Farþegatekjur hafa hins vegar aukist um 3% sem skýrist af hækkun gjaldskrár og dýrari ferðum. Endurskoða þarf lög um almenningsamgöngur og tryggja betur einkarétt sveitarfélaga og að eftirlitsaðili, s.s. Samgöngustofa, fái raunhæf úrræði til að bregðast við brotum.

Mikil óvissa er um gerðs nýs samnings við ríkið um ART verkefnið. Það hefur skilað miklum

árangri en helstu verkefni ART teymisins eru meðferð í samvinnu við fjölskyldur, skóla- og barnaverndaryfirvöld, forvarnarstarf í samvinnu við skóla og námskeiðshald um allt land. Margir aðilar eru með þjónustu- og samstarfssamninga við SASS. Fjöldi mála hafa verið til umfjöllunar hjá stjórn SASS bæði umsagnir um þingmál og mál sem varða landshlutann eða einstök sveitarfélög á svæðinu. Einnig hafa samtökin unnið mikið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum landshlutasamtökum.

Lokaorð formanns voru að með breyttu skipulagi séu samtökin betur undirbúin að takast á við fjölmörg og krefjandi verkefni sem fram undan eru á Suðurlandi. Unnið hefur verið að því að byggja upp þekkingu og reynslu samstarfsaðila sem styrkja stoðir í heimabyggð. Í sveitum Suðurlands verður til net þekkingar sem allir hafa aðgang að, það styrkir og bætir innviði samfélagsins á Suðurlandi til heilla fyrir Sunnlendinga.

Ásgerður tók til máls.

✓ **Ársreikningur SASS og Menningarráðs**

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikninga SASS fyrir árið 2015. Tekjur SASS 2015 voru rúmlega 136 m.kr., rekstrarkostnaður rúmlega 172 m.kr. og rekstrartap ársins var 34 m.kr.

Lagt er til að vísa ársreikningnum til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Fjárhagsáætlun SASS,**

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2017.

Til máls tóku auk Björns fundarstjóra, Gunnar Þorgeirsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Helgi Kjartansson.

Gunnar Þorgeirsson, formaður, og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri, svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Lagt er til að vísa fjárhagsáætlun til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, kvaddi sér hljóðs og kynnti niðurstöðu um lögmæti fundarins. Kom fram að kjörnir fulltrúar eru 61 og gild kjörbréf eru fyrir 61 fulltrúa. Alls eru 48 aðalfulltrúar mættir og 5 varamenn, 8 eru fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

✓ **Starfsemi SASS – kynning á ráðgjafasviði**

Þórður Freyr Sigurðsson, ráðgjafi hjá SASS, tók til máls og sagði frá gangi mála eftir að nýtt skipulag var tekið í notkun. Kynnti hann ráðgjafasviðið en starfssviðið nær frá Þorlákshöfn að Höfn.

Meginverkefni eru ráðgjafarþjónusta, - stuðningur við nýsköpun og menningu, umsjón og rekstur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, sóknaráætlun Suðurlands og ýmis önnur sérverkefni. Haldnir eru reglulegir fundir og nýta þau Skype fjarfundabúnað til fundahalds svo að allir geti verið með.

Tekið hefur verið á móti 223 umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands og hefur verið úthlutað í tvö skipti á árinu 2016. 68 m.kr. var úthlutað til 139 verkefna, 36 m.kr. til menningarverkefna, 32 m.kr. til nýsköpunarverkefna. Á landsvísu eru flestar umsóknir á Suðurlandi.

Þórður fór yfir árangursmat nýsköpunar- og menningarverkefna og þjónustukönnun Uppbyggingarsjóðs og þann árangur sem náðst hefur með tilkomu styrkveitinganna. Gerð var þjónustukönnun áður en tilkynnt var um niðurstöður styrkveitinganna. Lagðar voru nokkrar spurningar fyrir umsóknaraðila bæði varðandi þjónustu og umsóknarferlið ásamt því að spyrja út í hvað má bæta. Vilji var fyrir að halda í það að hafa tvær úthlutanir á ári. Samráðsfundur Sóknaráætlunar Suðurlands, skiluðu 132 verkefnatillögum en auk þess hefur verið tekið á móti tillögum í gegnum vefgátt. Nú þegar hefur 68 m.kr. verið ráðstafað í styrki og 30 m.kr. í áhersluverkefni, líklegt þykir að ráðstafað verði enn frekar í áhersluverkefni. Næstu skref: kynna framgang verkefna, bætingu í ráðgjafarþjónustu, samstarf á landsvísu og áherslu á mannauðinn.

✓ **Kosning starfsnefnda ársþings**

Ásgerður, fundarstjóri, bar upp eftirfarandi tillögur að starfsnefndum:

STARFSNEFNDIR

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ísólfur Gylfi Pálmason
Ari Björn Thorarensen
Alda Alfreðsdóttir

Sveitarfélag

Hveragerðisbær

Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg
SASS

Fjárhagsnefnd

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður

Valtýr Valtýsson
Eydís Þ. Indriðadóttir
Björn Ingi Jónsson
Unnur Þormóðsdóttir
Bjarni Guðmundsson

Sveitarfélagið Árborg

Bláskógabyggð
Flóahreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hveragerðisbær
SASS

Allsherjarnefnd

Ásta Stefánsdóttir, formaður

Jón G. Valgeirsson
Eypór H. Ólafsson
Helgi Kjartansson
Sigdís Oddsdóttir
Elín Einarsdóttir
Nanna Jónsdóttir
Kristján Guðnason

Sveitarfélagið Árborg

Hrunamannahreppur
Hveragerðisbær
Bláskógabyggð
Rangárþing ytra
Mýrdalshreppur
Ásahreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður

Lilja Einarsdóttir
Þórður Freyr Sigurðsson

Rangárþing eystra
SASS

Atvinnumálanefnd

Jón Páll Kristófersson, formaður

Óttar Bragi Þráinsson
Axel Ingi Viðarsson
Eggert Valur Guðmundsson
Árni Eiríksson
Heiða Guðný Ásgeirsdóttir
Ragnheiður Hrafnkelsdóttir
Auður Ósk Vilhjálmsdóttir
Einar Bjarnason
Berglind Sigurðardóttir
Ingi Már Björnsson
Birkir Arnar Tómasson
Dagný Jóhannsdóttir

Sveitarfélagið Ölfus

Bláskógabyggð
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Árborg
Flóahreppur
Skaftárhreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Vestmannaeyjabær
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Hveragerðisbær
Mýrdalshreppur
Rangárþing eystra
SASS – Markaðsstofa Suðurlands

Mennta- og menningarmálanefnd

Sæmundur Helgason, formaður

Kolbrún Haraldsdóttir
Þrúður Sigurðardóttir
Helga Þórey Rúnarsdóttir
Valgerður Sævarsdóttir
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Kjartan Björnsson
Steinar Sigurjónsson
Viktoría Sif Kristinsdóttir
Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hrunamannahreppur
Sveitarfélagið Ölfus
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Rangárþing ytra
Flóahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Grímsnes- og Grafningshreppur
Hveragerðisbær
SASS

Samgöngunefnd

Ásgeir Magnússon formaður

Guðmundur Oddgeirsson
Helgi S. Haraldsson
Kolbeinn Sveinbjörnsson
Björn Kristinn Pálmason
Eva Björk Harðardóttir
Þorgils Torfi Jónsson
Trausti Hjaltason
Gunnhildur Imsland
Halldóra Hjörleifsdóttir
Kristófer Tómasson
Garðar R. Árnason

Mýrdalshreppur

Sveitarfélagið Ölfus
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Grímsnes- og Grafningshreppur
Skaftárhreppur
Rangárþing ytra
Vestmannaeyjabær
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hrunamannahreppur
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Hveragerðisbær

Velferðarnefnd

Hildur Sólveig Sigurðardóttir, formaður

Guðrún S. Magnúsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Bjarney Vignisdóttir

Kristjana Gestsdóttir

Yngvi Karl Jónsson

Benedikt Benediktsson

Ásgerður Gylfadóttir

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Vestmannaeyjabær

Bláskógabyggð

Ásahreppur

Sveitarfélagið Árborg

Hrunamannahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Rangárþing ytra

Rangárþing eystra

Sveitarfélagið Hornafjörður

SASS - Nýheimar

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson, formaður

Anna Björg Nielsdóttir

Eyrún Björg Magnúsdóttir

Eyrún Stefánsdóttir

Páll Róbert Matthíasson

Guðmundur Á. Pétursson

Björgvin Skafti Bjarnason

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson

Guðlaug Svansdóttir

Rangárþing ytra

Sveitarfélagið Ölfus

Sveitarfélagið Árborg

Bláskógabyggð

Sveitarfélagið Hornafjörður

Grímsnes- og Grafningshreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Mýrdalshreppur

SASS – Háskólafélag Suðurlands

Tillögurnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

✓ **Kosning í stjórnir og nefndir**

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, bar upp eftirfarandi tillögur kjörnefndar um stjórn og nefndir Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Kjörnefnd SASS 20. október 2016

Stjórn SASS:

Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ

Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarf. Árborg

Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarf. Árborg

Sæmundur Helgason, Sveitarf. Hornafirði

Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi

Anna Björg Nielsdóttir, Sveitarf. Ölfusi

Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ

Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra

Varamenn:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ

Ari Thorarensen, Sveitarf. Árborg

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarf. Árborg

Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarf. Hornafirði

Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi

Jón Páll Kristófersson, Sveitarf. Ölfusi

Eypór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ

Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Formaður: Gunnar Þorgeirsson

Varaformaður: Lilja Einarsdóttir

Kjörnefnd SASS

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
Ari Thorarensen, Sveitarf. Árborg
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarf. Hornafirði
Jón Páll Kristófersson, Sveitarf. Ölfusi
Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð

Varamenn:

Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþ. eystra
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarf. Árborg
Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Sveitarf. Hornafirði
Ágústa Ragnarsdóttir, Sveitarf. Ölfusi
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Heiða Guðný Ágeirsdóttir, Skaftárhreppi
B. Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjah.
Árni Eiríksson, Flóahreppi

Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Varaformaður: Kristján Sig. Guðmundsson, Hornafirði

Lagt er til að vísa kosningu í stjórnir og nefndir til kjörbréfanefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Tillaga um slit á Menningarráði Suðurlands**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga Menningarráðs Suðurlands og stjórnar SASS til aðalfundar SASS 20. – 21. október 2016

Aðalfundur SASS haldinn 20. - 21. október 2016 samþykkir að slíta Menningarráði Suðurlands. SASS tekur yfir verkefni og starfsemi Menningarráðs Suðurlands.

Eignir og skuldir Menningarráðs Suðurlands flytjast til SASS og samtökin taka einnig yfir samninga og skuldbindingar ráðsins.

Lagt er til að vísa sliti á Menningarráði Suðurlands til allsherjarnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Tillaga að breytingum á samþykktum SASS**

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og lagði fram tillögu að samþykktum SASS og lagði til að vísa tillögunum til allsherjarnefndar.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

✓ **Tillaga um laun stjórnar og nefnda/ráða**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, lagði fram tillögu um laun stjórnar, nefnda og ráða.

Tillaga til aðalfundar SASS um laun stjórnar, ráða og nefnda

1. Laun stjórnar skulu nema 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Föst mánaðarlaun formanns skulu nema 10% af þingfararkaupi en auk þess fær formaður 4,5% af

þingfararkaupi fyrir hvern stjórnarfund. Fyrir aðra fundi í ráðum og nefndum skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

2. Laun fulltrúa í ráðum og nefndum skulu nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns ráðs eða nefndar skulu nema 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
3. Fulltrúar í stjórnnum, ráðum og nefndum skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Lagt er til að vísa launum stjórnar, nefnda og ráða til fjárhagsnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

✓ **Tillaga vinnuhóps um næstu verkþætti í Kortavef Suðurlands**

Guðlaug Svansdóttir HfSu og Karl A. Arnarson Loftmyndum

Guðlaug Svansdóttir tók til máls. Á síðasta aðalfundi SASS var ákveðið að halda áfram að vinna að kortasafni fyrir Suðurland. Þetta er framhaldsverkefni sem unnið hefur verið að í samvinnu við Loftmyndir.

Karl A. Arnarson, Loftmyndum, sýndi dæmi um hvaða kortaþekjur hægt er að hafa á Kortavef Suðurlands. Fór hann í gegnum tæknilega hluti safnsins. Búið er að setja inn á vefinn gögn sem tilheyra ýmsum aðilum. Sem dæmi er hægt að finna allar vefmyndavélar sem eru á svæðinu, upplýsingar um fuglaskoðunarsvæði, upplýsingar um hjóla- og reiðleiðir, aðalskipulag sveitarfélaga, öll samþykkt deiliskipulög sem samþykkt hafa verið, vatnsverndarsvæði, borholur o.fl.

Áætlað er að sveitarfélögin opni sínar kortasjár og tengi við þannig vef, með því verður enginn kostnaður fyrir SASS.

Samgöngustofa er með álíka kortasjá þar er hægt að sjá slys á landinu.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga vinnuhóps um næstu verkþætti í Kortavef Suðurlands.

Tillaga vinnuhóps til aðalfundar SASS um næstu verkþætti í Kortavef Suðurlands

Vinnuhópur leggur til við aðalfund SASS að áfram verði unnið að gerð kortaþekja í Kortavef Suðurlands sem nýtast sem:

- grunnur að frekari samvinnu sveitarfélaga í skráningu gagna, m.a. í umhverfis- og skipulagsmálum og í skráningu mikilvægra grunnauðlinda á Suðurlandi, s.s. vatn, orku og efnis
- tenging við yfirstandandi átaksverkefni SASS í markaðsgreiningu Suðurlands sem er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2015-2019
- bætt aðgengi að sameiginlegum upplýsingum á Suðurlandi án sveitarfélaga- og sýslumarka
- gögn við endurskoðun Sóknaráætlunar Suðurlands

Lagt er til að vísa tillögu vinnuhóps um næstu verkþætti í Kortavef Suðurlands til umhverfis- og samgöngunefndar. Var það samþykkt samhljóða.

- ✓ **Tillaga um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar**
Gunnar Þorgeirsson, formaður, lagði fram tillögu að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar.

Lagt er til að vísa tillögu um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Suðurland og Vestmannaeyjar til allsherjarnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

- ✓ **Tillaga um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands**
Gunnar Þorgeirsson, formaður, lagði fram eftirfarandi tillögu um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands:

Tillaga til aðalfundar SASS um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands (US) en aðild að ráðinu eigi fulltrúar ungmennaráða sveitarfélaganna á Suðurlandi

Stjórn SASS leggur til við aðalfund SASS að samþykkt verði að stofna Ungmennaráð Suðurlands.

Aðild að ráðinu eiga fulltrúar ungmennaráða í hverju aðildarsveitarfélagi SASS á Suðurlandi og skal hvert sveitarfélag tilnefna tvo fulltrúa í ráðið, þ.e. einn aðalmann og annan til vara.

Stjórn SASS verði falin nánari útfærsla samstarfsins í samráði við ungmennaráð sveitarfélaganna.

Lagt er til að vísa tillögunni um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands til allsherjarnefndar. Var það samþykkt samhljóða.

- ✓ **Umræður**

Gunnar Þorgeirsson, formaður, tók til máls og lagði fram tillögu til kjörnefndar:

Lagt er til að aðalfundur SASS haldinn á Hnappavöllum tilnefni 2 fulltrúa í stjórn Markaðsstofu Suðurlands og 2 til vara.

Lagt er til að aðalfundur SASS haldinn á Hnappavöllum tilnefni 1 fulltrúa í fagráð Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands og einn til vara.

Lagt er til að aðalfundur SASS haldinn á Hnappavöllum tilnefni tvö fulltrúa í skólanefnd FSu og ML og 2 til vara.

Lagt var til að vísa tillögum til kjörnefndar SASS. Var það samþykkt samhljóða.

ÁVÖRP GESTA

Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra, tók til máls og ræddi um þau mál sem ríkisstjórnin hefur verið að vinna að með sveitarfélögum, s.s. lögum og reglugerðum og opinberum fjármálum. Margir líta á rekstur sveitarstjórna og ríkis sem eina heild.

Þegar Sigurður var byggðamálaráðherra, vildi hann hafa góða tengingu við sveitarfélögin og voru hann og Karl Björnsson í miklum samskiptum.

Ræddi hann um að það hafi verið mikil vonbrigði að ná ekki að afgreiða lífeyrismálin nú fyrir þinglok en það er ósk hans að komandi ríkisstjórn vinni að því að klára það fyrir næstu áramót. Ef ekki verður frá því gengið mun verða erfitt að ná fram jöfnuði í þeim málum og gæti tekið allmörg ár að rétta hlutinn. Einnig ræddi hann um hjúkrunarheimilin.

Stærstu málin nú eru að halda áfram að nýta góða stöðu í Þjóðfélaginu, huga að því hvernig best er að byggja upp, þjóðfélagið, hjúkrunar-, heilbrigðis- og öryggismál.

Við erum viðkvæm fyrir sveiflum í ferðamálum og þarf að huga vel að þeim málum ásamt fjölmörgum öðru.

Að lokum ræddi hann um viljayfirlýsingu sem skrifa á undir hér á fundinum um fimm ára stuðning við Kötlu jarðvang (Katla UNESCO Global Geopark). En með undirrituninni staðfestir forsætisráðuneytið og stjórn Kötlu jarðvangs vilja sinn til samstarfs um fjármögnun næstu fimm árin. Svæði Kötlu jarðvangs nær yfir nokkra vinsælustu ferðamannastaði landsins þar sem álagið hefur stórauðist á allra síðustu árum en svæðið geymir jarðminjar á heimsmælikvarða.

Að lokum sagði hann að samskipti milli ríkis og sveitarfélaga hafi batnað. Þegar hann fór á þing var honum bent á að hætta að hugsa eins og sveitarstjórnarmaður þar sem að hann væri nú orðinn þingmaður. En hann ákvað að hugsa eins og Íslendingur.

Í framhaldi skrifaði forsætisráðherra undir viljayfirlýsinguna ásamt stjórn Kötlu jarðvangs (Katla Geopark) þeim Ásgeiri Magnússyni, sveitarstjóra Mýrdalshrepps, Evu Björk Harðardóttur, oddvita Skaftárhrepps, og Ísólfi Gylfa Pálmasynti, sveitarstjóra Rangárbings eystra.

Ásgeir Magnússon, formaður stjórnar Kötlu jarðvangs og sveitarstjóri Mýrdalshrepps, tók til máls og þakkaði fyrir yfirlýsinguna sem var undirrituð.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, ávarpaði þingið. Ræddi hann um utankjörfundaratkvæðagreiðslu 15 sveitarfélaga og 1 byggðasamlags í forsetakosningunum 2016. Um tilraunaverkefni var að ræða en almenn ánægja var með verkefnið og aukið aðgengi og er vilji til að halda þessu áfram. Vinnuhópur forseta Alþingis hefur unnið að endurskoðun kosningalaga. Tillögur hópsins eru m.a. að framboðsfrestur verði lengdur úr 15 dögum í 36, að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefjist ekki fyrr en að loknum framboðsfresti, þjóðskrá annist gerð kjörskrár og meginregla verði rafræn kjörskrá og að sveitarfélög (kjörstjóri) geti óskað eftir utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Rafræn kosning er enn fjarlæg. Það er áhyggjuefni að ungt fólk er ekki að mæta á kjörstað.

Einnig ræddi hann um fjármál sveitarfélaga m.a. að heildartekjur A-hluta árið 2015 hækkuðu um 8,3% frá fyrra ári en launakostnaður án breytinga á lífeyrisskuldbindingum hækkaði um 11,6% milli ára.

Ræddi hann um kjarasamninga en tekist hefur að ljúka við 61 kjarasamning af 63 og gilda þeir allir út mars 2019. SALEK samkomulagið er lagt til grundvallar. Enn er ósamið við Félag kennara og stjórnendur í tónlistarskólum og er talsverð óvissa með þessa samninga en hann ræddi um að nú reyndi á samstöðu sveitarstjórnarmanna.

Karl er sammála Sigurði Inga, forsætisráðherra, um að samskipti milli ríkis og sveitarfélaga hafi batnað til muna. Er nú samstaða um vinnu við mat á tekjustofnum og greiningu á útgjaldaþróun einstakra þjónustupátta hjá sveitarfélögum, einnig um bættu þjónustu við aldraða og hjúkrunarheimili. Mikil samvinna hefur verið við fjármálaráðuneytið og verður þar af leiðandi meiri skilningur en áður á fjármálum sveitarfélaga og unnin hefur verið aðgerðaáætlun úr Grábókinni.

Ræddi hann um að grafalvarlegt væri að ekki hafi náðst að afgreiða lífeyrismálin fyrir þinglok og um ósjálfbært lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem hleður upp skuldbindingum á komandi kynslóðir.

Engir samningar voru í gildi við ríkið um hjúkrunarheimili og daggjöld. Ríkið ákvað einhliða daggjöld sem olli miklum hallarekstri margra hjúkrunarheimila. Nú hefur verið gerður rammasamningur sem er mikilvægur áfangi og loks kominn grunnur til að byggja framtíðarfyrirkomulag á.

Mikið tekjutap hefur verið hjá sveitarfélögum vegna séreignarsparnaðar og eru sérfræðingar að fara yfir málið. Stjórn sambandsins hefur falið formanni og framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við fjármálaráðherra um sameiginlegt mat á áhrifum og hvernig sveitarfélögum verði bætt þetta tekjutap.

Ræddi hann um ferðaþjónustuna og aðkomu sveitarfélaga að henni. Sambandið á fulltrúa í stjórn og einnig í framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Mikil þörf er á samhæfingarvettvangi stjórnvalda og ferðaþjónustu. Fyrsta landsáætlun um uppbyggingu innviða hefur verið kynnt en markmiðið er að tryggja beina aðkomu sveitarfélaga að vinnslu áætlunarinnar.

Nýjar áskoranir hafa komið upp í skipulagsmálum vegna uppgangs í ferðaþjónustu. Hefur þetta haft mikil áhrif á leigumarkað um allt land og jafnvel breytt ásýnd bæja. Spurning er hvort sveitarfélög eigi að skoða takmarkanir á heimagistingu og gistiheimili.

Nú hafa tekið í gildi ný lög um húsnæðismál og kom sambandið mikið að mótun þeirra. Stærstu breytingarnar gagnvart sveitarfélögum eru breytingar á húsaleigubótum. Einnig hafa verið gerðar breytingar á stofnkostnaði við sértækt húsnæði og þjónustu við fatlaða einstaklinga. Bæta þarf við fjármagni í byggðapott til að styrkja ljósleiðaratengingu veikra svæða, en í fjárhagsáætlun ríkissjóðs 2017 – 2021 er gert ráð fyrir 500 m.kr. á ári til uppbyggingar stoðkerfis fjarskipta – Ísland ljóstengt – 100Mb/s frá árinu 2020.

Byggðamál og sóknaráætlanir. Unnið er að gerð stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2017-2023, verkefnastjórn er að störfum ásamt Karli sem fulltrúa Sambandsins. Stýrihópur um sóknaráætlanir landshluta kemur að málinu. Sviðsmyndagreining liggur fyrir og nær áætlunin til alls landsins. Stefnt er að skilum á tillögunni í nóvember nk.

Til máls tóku auk Björns Inga, fundarstjóra, Ásta Stefánsdóttir og Gunnar Þorgeirsson.

ERINDI

Ungmennaráð Suðurlands

Sigdís Erla Ragnarsdóttir og Sveinn Ægir Birgisson, fulltrúar í ungmennaráði Árborgar, komu á þingið og ræddu um ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi sem haldin var í samstarfi við SASS. Sýndu þau fyrst myndband sem tekið var á ungmennapínginu en þar kom fram að öll málefni eru málefni ungs fólks.

Sigdís ræddi um að rödd ungs fólks fái ekki að njóta sín nógu oft. En ráðstefnan var haldin til að koma á fót vettvangi til að koma skoðunum ungs fólks á framfæri .

Á ungmennaráðstefnunni var rætt um samgöngur, heilbrigðismál, menntamál, öryggismál, löggæslu og sjúkraflutninga, björgunarsveitir, ferðaiðnað og framtíðarhorfur, einnig aðkomu ungs fólks, hvernig hægt væri að koma þeirra málum á framfæri.

Framtíðarsýn þeirra er að halda svona stóra ráðstefnu eins og haldin var hér í haust annað hvert ár.

Björn Ingi endurtók framkomna tillögu um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands sem samþykkt hafði verið um morguninn að vísa henni til allsherjarnefndar SASS.

Markaðsgreining Suðurlands

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands, kom á fundinn og ræddi um markaðsgreiningu áfangastaða á Suðurlandi.

Varpaði hún fram spurningunni: Af hverju markaðsgreining? Hún er gerð til að komast að því hverjir eru að verja fjármagni í ferðamálin og skoða hvaða áskoranir svæðið býr yfir.

Horft var á hverjir eru styrkleikar svæðisins og hverjir eru að sækja á svæðið. Verkefnastjórn ásamt Markaðsstofu Suðurlands og aðilum frá svæðunum hafa verið í samstarfi við kynningaraðila á hverjum stað fyrir sig og haldið fundi til að fara yfir þessi mál.

Helstu áherslur og hlutverk aðila í stoðkerfinu er að finna út - hvar liggur krafturinn, hvar liggur kraftur annarra aðila í keðjunni og hvernig best er að vinna saman?

Áfangastaður samanstendur af aðdráttarafl og viðburðum, innviðum, aðstöðu, gisti- og veitingaþjónustu og afnotum af samgöngutækjum.

Markaðsstofan í samvinnu við SASS hefur farið í markaðsgreiningu svæðisins. Áhersluverkefnið felst í markaðslegri stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurland. Meginviðgangsefnin eru hverjir eru styrkleikar, hvar liggja tækifærin, hvaða áskoranir eru á svæðinu, að hverju eru ferðamennirnir að leita og hvað er hægt að gera til að fá ferðamanninn til að ferðast víðar og staldra lengur við.

Nánast allir ferðamenn sem koma til Íslands koma á Suðurlandið en Suðurlandi er skipt niður í þrjú svæði. Aðgreina þarf svæðin hvert frá öðru ásamt því að aðgreina Suðurland frá öðrum svæðum á landinu. Mikilvægt er að hlúa að sérstöðu svæðisins.

Markaðsstefnan hefur verið skilgreind og má þar nefna að Suðurland á að vera ómissandi áfangastaður ferðamanna sem koma til landsins.

Byrjað er að vinna að aðgerðaáætlun fyrir Suðurland. Þar m.a. er í forgangi að líta til opnunartíma, uppbyggingu áfangastaða, aukinnar þjónusta og afþreyingar. Ákveða þarf framtíðarsýn fyrir svæðið og samræma markaðsstefnu.

Næstu skref eru að kynna niðurstöðurnar og aðstoða fyrirtæki í að sjá hvernig þau geta nýtt sér þetta í sínum rekstri.

Til máls tók auk Ásgerðar fundarstjóra, Helgi Kjartansson.

Pokalaus Hornafjörður

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, ráðgjafi hjá Nýheimum á Höfn, tók til máls og kynnti verkefnið pokalaus Hornafjörður /pokalaust Suðurland. Tilgangur verkefnisins er að draga út plastpokanotkun. Um samfélagsverkefni er að ræða en mikil ánægja er með þetta á Höfn. Gengið er út frá því að búa til hringrás, þ.e. bjóða upp á fjölnota poka í búðunum og að fólk skili þeim svo aftur. Þegar vantar poka í búðina eru send út skilaboð og þá rjúka heimamenn til og koma með poka sem hefur gleymst að skila. Skólarnir eru farnir að sauma poka og skilar það sér í áhuga barnanna á að nota þessa poka. Fleiri eru farnir að sýna verkefninu áhuga og hefur útfærslan á verkefninu verið send á nokkra aðila.

Atvinnuskapandi nemendaverkefni

Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs SASS, tók til máls og ræddi atvinnuskapandi nemendaverkefni en megintilgangurinn með því er að hvetja til samstarfs milli nemenda og fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga á Suðurlandi. Nemendur vinna þá raunhæf verkefni, t.d. lokaverkefni með það að markmiði að vinnan leiði til atvinnu- og nýsköpunar á Suðurlandi. Búið er að koma á fót gagnagrunni í gegnum vef SASS. Þar er hægt er að koma með tillögur að verkefnum. Nemendur hafa þá yfirlit yfir möguleg nemendaverkefni og geta óskað eftir að vinna þessi verkefni sem lokaverkefni.

Verkefnastjóri á vegum SASS og starfsmaður Háskólafélags Suðurlands á Selfossi miðlar verkefnatillögum á vefinn og kynnir möguleikann fyrir nemendum, fyrirtækjum og stofnunum. Hægt er að sækja um styrki í Uppbyggingarsjóð Suðurlands.

Hagræn áhrif af sameiningu sveitarfélaga

Ólafur Loftsson, hagfræðingur á efnahagssviði Samtaka atvinnulífsins, tók til máls. Fór hann yfir hagræn áhrif af sameiningu sveitarfélaga. Sveitarfélög á Íslandi eru 74 og eru þau mjög mismunandi í rekstri og umfangi.

Meðalíbúafjöldi sveitarfélaga á Íslandi er um 4.000. Ísland er fámennt land og svipar í raun til eins landshluta á Norðurlöndunum. Ísland þarf stærri og sterkari sveitarfélög til að hægt sé að færa fleiri verkefni til sveitarfélaga eins og tíðkast á Norðurlöndum. Það er útbreiddur vilji að færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Bætt gæði þjónustu er ekki síður mikilvægur ávinningur sameininga.

Þjóðin eldist og er hlutfall Íslendinga 70 ára og eldri nú 10%, gert er ráð fyrir að árið 2050 verði það 20% en áætlað er að færa heilbrigðismálin á sveitarfélögin ásamt fleiri verkefnum.

Sveitarfélög hafa frekar valið samstarf en sameiningu á undanförunum árum samanber í málefnum fatlaðra.

Kynnti hann niðurstöðu könnunar sem gerð var meðal sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

Sveitarfélögum hefur fækkað ört frá 1990 en heldur minna þó síðasta áratuginn. Yfirfærsla málefna fatlaðra hafði ekki áhrif á sameiningu sveitarfélaga heldur varð meira um samvinnu.

Fór hann yfir hver eru hagræn áhrif af sameiningu sveitarfélaga. Samanburður milli sveitarfélaga verður auðveldari með færri og stærri sveitarfélögum, stjórnsýslukostnaður á íbúa lækkar og framleiðni eykst, aukin sérhæfing starfsmanna, skýrari stjórnsýsla, hagræðing í rekstri sem skilar sér í betri þjónustu til íbúa.

Hægt væri að sameina sveitarfélög í 9 án þess að breyta núverandi landshlutaskiptingu. Með því að breyta þessu yrði allt regluverk auðveldara. Skýr framtíðarsýn er nauðsynleg til þess að bæta rekstur stjórnsýslunnar.

Til máls tóku auk Ásgerðar og Björns Inga fundarstjóra, Björgvin Skafti Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásgeir Magnússon og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Ólafur Loftsson tók til máls og svaraði fyrirspurnum.

Fundarstjóri þakkaði gestum fyrir komuna og frestaði fundi til morguns.

Nefndarstörf hófust.

Fundarstjóri Björn Ingi, setti fund kl. 10:30 þann 21. október.

Umræður og ályktanir ársþings

Hér á eftir fara tillögur, ályktanir og afgreiðslur starfsnefnda.

Mennta- og menningarmálanefnd

Sæmundur Helgason, formaður mennta- og menningarmálanefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Kolbrún Haraldsdóttir, Þrúður Sigurðardóttir, Helga Þórey Rúnarsdóttir, Valgerður Sævarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Kjartan Björnsson, Steinar Sigurjónsson, Viktoría Sif Kristinsdóttir og Sólveig Sjöfn Ragnarsdóttir, SASS, starfaði með nefndinni.

Ályktanir um menntamál

Ársþing SASS 2016 leggur ríka áherslu á aukið framboð háskólanáms á Suðurlandi. SASS hvarmar það að íþrótt- og heilsufræðinám Háskóla Íslands á Laugarvatni verði flutt burtu en fagnar því að Háskólinn hefji fjarnám í völdum greinum á haustönn 2017 í ljósi niðurstaðna úr könnun sem HÍ, HfSu og SASS munu standa sameiginlega að í lok árs 2016. Könnuð verður eftirspurn eftir fjarnámi á háskólastigi á Suðurlandi, annars vegar meðal almennings og hins vegar meðal stjórnenda fyrirtækja. Jafnframt standa þessir aðilar sameiginlega að markaðssetningu og kynningu á námsframboðinu.

Ársþing SASS 2016 tekur undir hugmyndir SÍS um að skoðað verði að endurgreiða námslán eða breyta námslánum í styrk fyrir þá sem velja að búsetja sig á landsbyggðinni að loknu

háskólanámi. Þessi leið mun efla dreifðari byggðir, eins og dæmin sanna hjá nágrannaþjóðum okkar.

Árþing SASS telur mikilvægt að sækja fram og efla þær skólastofnanir sem fyrir eru á svæðinu, ásamt því að ná betri tengingu þeirra við atvinnulífið bæði með eflingu verknáms og samtali við atvinnurekendur. Árþingið horfir til þess að Starfamessa 2017 verði góður vettvangur fyrir aukið samtal atvinnulífs og menntunar. Þannig næst meiri verðmætanýting auðlinda og fjölbreyttari störf verða til. Árþing SASS 2016 tekur undir áhyggjur sem komu fram á þingi Ungmennaráða á Suðurlandi um lokun heimavistar FSu á Selfossi.

Ályktanir um menningarmál

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að standa vörð um aukið fjármagn í úthlutun til menningarmála hjá Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Mikil gróska er í menningarmálum og því er mikilvægt að hlúa að slíkri starfsemi.

Nefndin leggur til að aðalfundur SASS samþykki að slíta Menningarráði Suðurlands. SASS tekur yfir verkefni og starfsemi Menningarráðs Suðurlands. Eignir og skuldir Menningarráðs Suðurlands flytjast til SASS og samtökin taka einnig yfir samninga og skuldbindingar ráðsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Allsherjarnefnd

Ásta Stefánsdóttir, formaður allsherjarnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á árþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Ásta Stefánsdóttir, formaður, Jón G. Valgeirsson, Eyþór H. Ólafsson, Helgi Kjartansson, Sigdís Oddsdóttir, Elín Einarsdóttir, Nanna Jónsdóttir, Kristján Guðnason og Lilja Einarsdóttir. Þórður Freyr Sigurðsson, SASS, starfaði með nefndinni.

Tillögur allsherjarnefndar til aðalfundar SASS:

Tillaga að breytingum á samþykktum SASS

Allsherjarnefnd leggur til að tillaga að breytingum á samþykktum SASS verði samþykkt á aðalfundi SASS 2016.

Tillaga um sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir Suðurland

Allsherjarnefnd leggur til að stjórn SASS skipi starfshóp til að vinna að gerð sameiginlegrar lögreglusamþykktar fyrir sveitarfélög á Suðurlandi, utan Vestmannaeyja, sem lögð verði fyrir stjórn SASS og send sveitarfélögum á starfssvæði SASS til afgreiðslu.

Tillaga um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands

Stjórn SASS leggur til við aðalfund SASS að samþykkt verði að stofna Ungmennaráð Suðurlands.

Kjörgeng til setu í ráðinu eru fulltrúar ungmennaráða í hverju aðildarsveitarfélagi SASS á Suðurlandi og skal hvert sveitarfélag tilnefna tvo fulltrúa í ráðið, sinn af hvoru kyni.

Stjórn SASS verði falin nánari útfærsla samstarfsins í samráði við ungmennaráð sveitarfélaganna.

Ákvæði til bráðabirgða:

Á meðan ekki eru starfandi ungmennaráð í öllum sveitarfélögum á starfssvæði SASS tilnefna sveitarfélögin fulltrúa úr hópi ungmenna á aldrinum 14-25 ára.

Allsherjarnefnd leggur til að aðalfundur SASS samþykki tillögu um stofnun Ungmennaráðs Suðurlands svo breytta.

Allsherjarnefnd leggur til að aðalfundur SASS 2016 samþykki eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur SASS 2016 telur breytingu á lögum um veitinga- og gististaði (90 daga reglan) sem samþykkt var í sumar hafa verið misráðna og koma sveitarfélögum landsins illa. Sérstaka athygli vekur að frumvarpsdrögin voru ekki send sveitarfélögum landsins til umsagnar, þrátt fyrir að þar séu ákvæði sem hafa áhrif á tekjumöguleika sveitarfélaga og ákvæði um ný verkefni sveitarfélaga. Aðalfundur SASS skorar á ríkisvaldið að taka málið upp að nýju og viðhafa samráð við sveitarfélögin í landinu.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Tillögur allsherjarnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Fjárhagsnefnd

Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður fjárhagsnefndar, tók til máls og lagði fram tillögu nefndarinnar á ársþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Sandra Dís Hafþórsdóttir, formaður, Eydís Þ. Indriðadóttir, Björn Ingi Jónsson, Valtýr Valtýsson, Unnur Þormóðsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir. Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, starfaði með nefndinni.

Ályktanir fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd SASS leggur til að fjárhagsáætlun SASS verði samþykkt eins og hún liggur fyrir en vekur athygli á því að eðlilegast væri að framlög frá tengdum stofnunum hækki í takt við aðrar hækkningar hjá SASS. Fjárhagsnefnd leggur því til að stjórn SASS verði falið að koma með tillögu fyrir næsta aðalfund um skiptireglu á kostnaðarþátttöku stofnana í sameiginlegum rekstri skrifstofu.

Fjárhagsnefnd SASS leggur til að árreikningur SASS fyrir árið 2015 verði samþykktur eins og hann er lagður fram.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda verði samþykkt.

Fjárhagsnefnd leggur til að aðalfundur SASS samþykki eftirfarandi ályktun:

Árspaning SASS, haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016, lýsir yfir miklum áhyggjum af fjárskorti í rekstri málaflokks fatlaðs fólks á Suðurlandi, en útkomuspá fyrir árið 2016 gerir ráð fyrir að um 31 m.kr. muni falla á sveitarfélögin á þessu rekstrarári til viðbótar við rúmlega 120 m.kr. árið 2015. Þrátt fyrir aukna fjárveitingu á árinu 2016 er alveg ljóst að verkefnið stendur engan veginn undir sér og ekkert svigrúm er til uppbyggingar af rekstrarframlögum.

Árspaning SASS, haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016, skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningsamgöngur á landinu. Fyrirséð er að tap verður á rekstri almenningsamgangna hjá SASS annað árið í röð. Mikilvægt er að skilgreina lagaramma verkefnisins hið fyrsta og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn til framtíðar.

Árspaning SASS, haldið á Hnappavöllum 20. til 21. október 2016, leggur til að stjórn SASS skipi starfshóp með breiðri aðkomu sveitarfélaga innan svæðisins til þess að vinna að tillögum um tekjuöflun og tekjuskiptingu af ferðamönnum. Starfshópurinn skal skila skýrslu um málefnið sem verði notuð sem grunnurinn að málþingi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eva Björk Harðardóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Unnur Þormóðsdóttir, Valtýr Valtýsson, Gunnar Þorgeirsson og Ásgeir Magnússon tóku til máls.

Tillögur fjárhagsnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Umhverfis- og skipulagsnefnd

Ágúst Sigurðsson, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Ágúst Sigurðsson, formaður, Eyrún B. Magnúsdóttir, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Guðmundur Á. Pétursson, Björgvin Skafti Bjarnason, Eiríkur Tryggvi Ástþórsson, Sigrún Guðmundsdóttir, HeS, Páll Stefánsson, HeS, Anna Björg Nielsdóttir og Jón G. Valgeirsson. Guðlaug Ósk Svansdóttir, HfSu starfaði með nefndinni.

Ályktanir umhverfis- og skipulagsnefndar

Umhverfismál – vsk af fráveituframkvæmdum

Árspaning SASS 2016 leggur mikla áherslu á að ríkisvaldið sjái til þess að sveitarfélög fái virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum endurgreiddan.

Skipulagsmál – Kortavefur Suðurlands

Árspaning SASS 2016 leggur til að skipaður verði vinnuhópur um Kortavef Suðurlands og að vinnuhópnum verði falið að vinna að eftirfarandi tillögum áfram sem nýtast sem:

- grunnur að frekari samvinnu sveitarfélaga í skráningu gagna, m.a. í umhverfis- og skipulagsmálum og í skráningu mikilvægra grunnauðlinda á Suðurlandi, s.s. vatns, orku og efnis
- tenging við yfirstandandi átaksverkefni SASS í markaðsgreiningu Suðurlands sem er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2015-2019

- bætt aðgengi að sameiginlegum upplýsingum á Suðurlandi án sveitarfélaga- og sýslumarka
- gögn við endurskoðun Sóknaráætlunar Suðurlands

Nefndin bendir á að samskipti Skipulagsstofnunar við aðildarsveitarfélög SASS í tengslum við skipulagsgerð á miðhálandi Suðurlands eru ekki nógu góð. Um er að ræða ólíka túlkun á Landskipulagsstefnu.

Umræða fór fram hjá nefndinni um málið og telja fundamenn að mikilvægt sé að Skipulagsstofnun og sveitarfélögin túlki Landskipulagsstefnu á sama hátt. Samtal þarf að fara fram við Skipulagsstofnun um ýmis túlkunatriði svo að sveitarfélögin geti skipulagt svæði innan sveitarfélagamarka og stuðli þannig að verndun og uppbyggingu í samræmi við stefnuna. Nefndin ítrekar að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum. Nefndin beinir því til stjórnar SASS að fylgja málinu eftir.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Tillögur umhverfis- og skipulagsnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Velferðarnefnd

Hildur Sólveig Sigurðardóttir, formaður velferðarnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir formaður, Elín Grétarsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Kristjana Gestsdóttir, Benedikt Benediktsson, og Ingvi Karl Jónsson. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, ráðgjafi hjá Nýheimum, starfaði með nefndinni.

Ályktanir velferðarnefndar

Hjúkrunarrými / stuðningur við aldraða til að búa lengur heima

Ársþing SASS, haldið á Hnappavöllum í Öræfum dagana 20. og 21. október 2016, leggur áherslu á að áfram verði unnið samkvæmt skýrslu um stöðugreiningu hjúkrunarheimila á Suðurlandi sem SASS lét gera á vormánuðum 2015.

Helstu niðurstöður skýrslunnar voru eftirfarandi:

- fjölga þarf hjúkrunar- og hvíldarrýmum
- fjölga úrræðum fyrir einstaklinga með heilabilun
- útrýma tvíbýlum
- tryggja nægjanlegt einkarými svo hægt sé að veita nauðsynlega persónulega þjónustu
- hækka daggjöld svo rekstur heimila standi undir sér.

Biðlistar hafa lengst en í dag eru 42 einstaklingar að bíða eftir hjúkrunarrýmum og 59 einstaklingar að bíða eftir hvíldarrýmum á svæðinu, en það er 19% aukning frá því á sama tíma fyrir ári.

Mikilvægt er að farið verði strax í nýbyggingu hjúkrunarheimilis á Höfn en þar eru nær eingöngu tveggja manna herbergi sem uppfylla ekki viðmiðunarreglur velferðarráðuneytis um stærð og aðbúnað fyrir íbúa.

Nauðsynlegt er að styrkja heimahjúkrun á svæðinu til muna svo að í boði verði kvöld- og helgarþjónusta. Það ásamt því að fjölga hvíldarrýmum og gefa leyfi fyrir endurhæfingarhvíldarrýmum sem gæti dregið úr þörf fyrir hjúkrunarrými auk þess að koma til móts við óskir fólks um að búa heima eins lengi og unnt er.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Árþing SASS, haldið á Hnappavöllum í Örfum dagana 20. og 21. október 2016, hvetur ríkisvaldið til að tryggja fjárhagslegan rekstrargrundvöll Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og leiðréttu skuldavandann sem skapaðist við sameiningu heilbrigðisstofnana á svæðinu. Mikilvægt er að standa vörð um öflugna heilsugæslu.

Vaxandi ferðamannastraumur hefur leitt af sér gífurlega aukningu í sjúkraflutningum ásamt því að valda verulega auknu álagi á fagfólk heilbrigðisstofnana. Hvort tveggja veldur miklum kostnaðarauka sem veldur auknum halla á rekstri stofnunarinnar.

Brýnt er að styrkja sjúkraflug þannig að viðbragðstími sé innan ásættanlegra viðmiðunarmarka og í því skyni hvetur árþing SASS heilbrigðisyfirvöld m.a. til að vinna áfram hugmyndir um sérhæfðar sjúkrabyrlur.

Árþingið telur nauðsynlegt að tryggja fæðingarþjónustu í nærumhverfi þjónustupega. Þar sem aðgengi að fæðingarþjónustu innan nærumhverfisins er ekki við komið er brýnt að aukakostnaður vegna slíks verði ekki lagður á fæðandi konur og fjölskyldur þeirra.

Árþing hvetur heilbrigðisyfirvöld að setja aukinn kraft í þróun fjarlækninga til að koma til móts við þjónustubörf í dreifðari byggðum.

Árþingið tekur undir sjónarmið Hornafjarðar og bendir á skýran vilja bæjarstjórnar Hornafjarðar og framkvæmdaráðs HSU, Hornafirði, til að endurnýja þjónustusamning við sveitarfélagið áður en núverandi samningur rennur út í lok árs 2016. Mikill árangur hefur náðst á þeim 20 árum sem sveitarfélagið hefur séð um rekstur heilbrigðisstofnunarinnar í samþættingu þjónustunnar.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Tillögur velferðarnefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Atvinnumálanefnd

Jón Páll Kristófersson, formaður atvinnumálanefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á árþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Jón Páll Kristófersson, formaður, Axel Ingi Viðarsson, Árni Eiríksson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Auður Ósk Vilhjálmsdóttir, Einar Bjarnason, Berglind Sigurðardóttir og Birkir Arnar Tómasson. Dagný Jóhannsdóttir hjá Markaðsstofu Suðurlands starfaði með nefndinni.

Ályktanir atvinnumálanefndar

Ferðamálastefna Suðurlands

Árþing SASS 2016 leggur til að samræmd ferðamálastefna fyrir Suðurland verði unnin og horft verði til þrískiptingu svæðisins, sbr. niðurstöður markaðsgreiningar Markaðsstofu Suðurlands. Mikilvægt er að SASS styðji við vinnu Stjórnstöðvar ferðamála við gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlana (DMP) fyrir Suðurland.

Nefndin leggur áherslu á að tekjuöflun sveitarfélaganna af ferðamönnum verði skoðuð í heild sinni og unnin verði tillaga til ríkisins um réttmæta skiptingu tekna til að mæta þörf fyrir uppbyggingu í landshlutanum. Kallað er eftir samstöðu sunnlenskra sveitarfélaga varðandi áherslur og framtíðarfyrirkomulag á tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga af ferðamönnum.

Ferðabjónustan reynir á þolmörk íbúa sem er hættumerki og þarf að taka utan um á öllu Suðurlandi. Styðja þarf við nærsamfélagið og vinna að því að mæta þörf fyrir starfsmenn og þar með íbúa á svæðinu til að mæta þörfum greinarinnar. Þar eru húsnæðismál meginforsenda þess að ferðabjónusta geti vaxið og dafnað á Suðurlandi.

Nýsköpun

Árþing SASS leggur áherslu á að stuðningur verði aukinn við nýsköpun og frumkvöðlafræði með kynningu á grunnhugmyndum nýsköpunarfræða. Þá er mikilvægt að styðja við nýsköpun hvers konar, í matvælaframleiðslu, hönnun og öðru sem styrkir og styður við smáframleiðendur á Suðurlandi. Tryggja þarf samtal milli menntastofnana og atvinnulífs.

Afhendingaröryggi raforku

Tryggja verður afhendingaröryggi rafmagns á Suðurlandi og einnig verður að tryggja þriggja fasa rafmagn á öllu svæðinu hið fyrsta, þessir þættir eru báðir forsendur fyrir uppbyggingu byggðar og atvinnu á Suðurlandi.

Háhraðatenging

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að skapa þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að ljúka ljósleiðaravæðingu innan allra sveitarfélaga á starfssvæði sambandsins. Háhraðatengingar eru forsenda byggðar og atvinnu í dreifðari byggðum.

Hafnarmál

Árþing SASS skorar á stjórnvöld að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds og uppbyggingar hafna á starfssvæði samtakanna.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Eva Björk Harðardóttir, Jón Páll Kristófersson, Gunnar Þorgeirsson og Aldís Hafsteinsdóttir tóku til máls

Tillögur atvinnumálanefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Samgöngunefnd

Ásgeir Magnússon, formaður samgöngunefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á árþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Ásgeir Magnússon, formaður, Guðmundur Oddgeirsson, Helgi S. Haraldsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Björn Kristinn Pálmason, Eva Björk Harðardóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Trausti Hjaltason, Gunnhildur Imsland, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kristófer Tómasson og Garðar R. Árnason.

Ályktanir samgöngunefndar

Almenningssamgöngur

Árþing SASS 2016 skorar á ríkisvaldið að standa vörð um almenningssamgöngur í landinu. Skilgreina þarf lagamma verkefnisins og tryggja því nægjanlegt rekstrarfjármagn. Skilvirkt lagaumhverfi um almenningssamgöngur er forsenda þess að sveitarfélögin á Suðurlandi sjái sér fært að halda áfram að halda utan um þetta verkefni. Staða mála nú er í raun algerlega óviðunandi fyrir sveitarfélögin.

Flugsamgöngur

Árþing SASS 2016 telur mikilvægt að tryggja eðlilegt viðhald flugvalla á Suðurlandi með öryggissjónarmið í búa í huga. Þingið leggur áherslu á að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýri sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Umferðaröryggi á þjóðvegum og einbreiðar brýr

Árþing SASS 2016 fagnar þeim áformum sem fyrirhuguð eru varðandi úrbætur á þjóðvegakerfinu en ítrekar mikilvægi þess að þessi áform verði að veruleika. Árleg umferðaraukning á þjóðvegum Suðurlands um 20 - 30% ár eftir ár án breikkunar og verulegra endurbóta á þjóðvegakerfinu gengur ekki lengur og því leggur ársþingið ríka áherslu á að úrbætur á vegakerfinu verði settar í forgang. Fjármunir til viðhalds vegakerfis á Suðurlandi eru langt undir því sem nauðsynlegir eru til að tryggja umferðaröryggi. Mikill fjöldi einbreiðra brúa og vega án bundins slitlags eru slysgildir sem mikilvægt er að verði fjarlægðar hið allra fyrsta. Bæta þarf allar merkingar vega, vara við hættusvæðum með ljósum og tryggja aðskildar akstursstefnur á fjölförnustu vegum Suðurlands. Tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til viðunandi vetrarþjónustu þannig að umferðaröryggi verði tryggt. Ársþingið leggur enn og aftur áherslu á að ný veglína um Mýrdal komist á 12 ára samgönguáætlun, sem enn hefur ekki tekist að ljúka við. Þá leggur ársþingið áherslu á að sem fyrst verði gengið frá áætlun um að koma upp merktum áningarstöðum sem mæta þörfum ferðamanna á þjóðvegum landsins.

Grynnslin og sjóvarnargarðar

Árþing SASS 2016 leggur áherslu á að ráðist verði í gerð sandfangara frá Suðurfjörum út í Einholtskletta við Hornafjörð, en talið er að með þeirri aðgerð megi hefta sandburð úr vestri inn á Grynnslin við Hornafjarðarós. Þá leggur nefndin áherslu á að sjóvarnargarðar sem gegna eingöngu hlutverki varna gegn náttúruvá fá sömu meðhöndlun ríkisvaldsins og nú er hjá Ofanflóðasjóði.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir og Ásgeir Magnússon tóku til máls.

Tillögur samgöngunefndar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Kjörbréfanefnd

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörbréfanefndar, tók til máls og lagði fram tillögur nefndarinnar á ársþingi SASS 2016.

Í nefndinni sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Ari Thorarensen, Kristján Sig. Guðnason, Jón Páll Kristófersson, Trausti Hjaltason, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir og Valgerður Sævarsdóttir.

Tillögur kjörbréfanefndar

Stjórn SASS:

Aðalmenn:

Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Páll Marvin Jónsson, Vestmannaeyjabæ
Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélaginu Árborg
Sæmundur Helgason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi
Anna Björg Nielsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi
Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerðisbæ
Lilja Einarsdóttir, Rangárþingi eystra.

Varamenn:

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Ágúst Sigurðsson, Rangárþingi ytra

Formaður: Gunnar Þorgeirsson

Varaformaður: Lilja Einarsdóttir

Kjörnefnd SASS

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
Ari Thorarensen, Sveitarfélaginu Árborg
Kristján Sig. Guðnason, Sveitarfélaginu Hornafirði
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Vestmannaeyjabæ
Ingi Már Björnsson, Mýrdalshreppi

*Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð*

Varamenn:

*Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra
Ásta Stefánsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
Ragnheiður Hrafnkelsdóttir, Sveitarfélaginu Hornafirði
Ágústa Ragnarsdóttir, Sveitarfélaginu Ölfusi
Trausti Hjaltason, Vestmannaeyjabæ
Heiða Guðný Ágeirsdóttir, Skaftárhreppi
Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Árni Eiríksson, Flóahreppi*

*Formaður: Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ
Varaformaður: Kristján Sig. Guðmundsson, Sveitarfélaginu Hornafirði*

Eftirfarandi er tillaga kjörnefndar að aðilum í stjórnir þegar kemur að því að stjórn SASS tilnefni fulltrúa í þær.

Stjórn Fræðslunets Suðurlands

Aðalmaður:

Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi

Varamaður:

Íris Böðvarsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Stjórn Markaðsstofu:

*Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Sólrun Helga Guðmundsdóttir, Rangárþingi ytra*

Til vara: Bjarni Guðmundsson, SASS

Fagráð Upplýsingamiðstöðvar

Eva Björk Harðardóttir, Skaftárhreppi

Til vara: Unnsteinn Logi Eggertsson, Hrunamannahreppi

Skólanefnd FSu

*Elín Einarsdóttir, Mýrdalshreppi
Jón G. Valgeirsson, Hrunamannahreppi*

Til vara:

*Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppi
Benedikt Benediktsson, Rangárþingi eystra*

Skólanefnd ML

*Gunnar Þorgeirsson, Grímsnes- og Grafningshreppi
Eydís Indriðadóttir, Flóahreppi*

Til vara:

*Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerðisbæ
Kristín Þórðardóttir, Rangárþingi eystra*

Tillögur kjörnefndar um stjórn og nefndir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Nú var komið að fundarlokum og gaf fundarstjóri formanninum, Gunnari Þorgeirssyni, orðið. Formaður SASS þakkaði það traust sem honum er sýnt til að leiða samtökin eitt ár enn. Þakkaði hann góðan, málefnalegan og gagnlegan fund. Einnig þakkaði hann starfsmönnum SASS fyrir góðan undirbúning fyrir fundinn. Þakkaði hann Sólveigu Sjöfn Ragnarsdóttur sérstaklega fyrir vel unninn störf fyrir SASS á undanförunum árum en hún lætur nú af störfum eftir þingið, Hornfirðingum viðurgjörning allan og Hótel Jökulsárlóni á Hnappavöllum fyrir frábærar móttökur og góðan mat. Fól hann fundarritara í samvinnu við fundarstjóra að ganga frá fundargerð.

Fundi slitið kl. 12:50

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.